

inga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tíma-bíla, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

Nr. 24.

16. maí 1980.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 6. lið 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962, komi nýr málslíður á eftir orðunum „umsömdum bótagreiðslum“, sem hljóði svo:

Reynist útgerðarfyrirtæki eigi fært um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

Nr. 25.

16. maí 1980.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: 16 ára.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði.

## 2. gr.

24. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1977, orðist svo:

Árin 1976—1982 skal lífeyrir samkvæmt II. kafla hvert ár miðast við grundvallarlaun undanfarandi 5 almanaksára. Síðan er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1983.

Árin 1980—1982 skal lífeyrir samkvæmt I. kafla miðast við sömu grundvallarlaun og lífeyrir samkvæmt II. kafla, sbr. 1. mgr.

## 3. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða), sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 3/1977, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Árin 1980—1982 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. mgr., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu þau þrjú ár borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hljóðar svo:  
Ennfremur að reisa og reka raforkuver eftir því sem hagkvæmt þykir.

## 2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, 13. gr., sem hljóðar svo:  
Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 MW og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur í þessu skyni, allt að kr. 1000 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.